

**Sp.**

**515. Nefndarálit**

[24. mál]

um till. til þál. um afnáu sérrettinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vildi meiri hl. (PO, LJós, ÁS, HelgJ og HÁ) láta samþykkja till., og hafa þeir því gefið út sérstakt nál. Á þetta gat minni hl. ekki fallizt af eftirfarandi ástæðum. Fríðindi þau, sem hér um ræðir, eru hluti af risnu, sem ríkissjóður leggur einstökum embættismönnum ríkisins, svo sem forseta Íslands, ríkisstjórn og öðrum, sem nauðsynlegt þykir, að haldi uppi boðum í umboði ríkisins. Vörur þessar eru seldar aðilum með kostnaðarverði, án álagningar, og ríkissjóði því að skaðlausu. Væru þessir aðilar sviptir þessum fríðindum, er óhjákvæmilegt, að ríkissjóður yrði að greiða risnu þessa með beinu fjárframlagi til aðila, nema því aðeins, að hún verði látin falla niður að fullu og öllu, en það er jafnan á valdi ríkisstjórnarinnar að kveða á um það, að svo verði gert. Minni hl. leggur því til, að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Einn nefndarmanna (IngJ) tók ekki afstöðu til málsins og mun gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðurnar.

Alþingi, 31. marz 1949.

Gísli Jónsson,  
form., frsm.

Sigurður Kristjánsson.

Sigurjón Á. Ólafsson.